

Málsnúmer: R18070088
Skjalasafn Ráðhúss

10. sep. 2018

Þráttur: 2/30

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Ráðhús Reykjavíkur
b.t. Dags B. Eggertssonar
borgarstjóra
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 6. september 2018

1808009SA KB
Málalykill: 01.08

Efni: Samstarf um málefni utangarðsfólks

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 31. ágúst 2018 var lagt fram bréf borgarstjórans í Reykjavík, dags. 9. ágúst 2018, um samstarf um málefni utangarðsfólks. Á vinnufundi með félags- og jafnréttismálaráðherra sem haldinn var 28. ágúst sl. kom fram vilji ráðherra til að skipa starfshóp um málefnið, með aðkomu sveitarfélaga og heilbrigðisráðherra.


Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur jákvætt í að taka þátt í starfshópi á vegum ríkis og sveitarfélaga, sem ráðherra mun skipa, sem hefur það markmið að reyna að finna leiðir á bráðum húsnæðisvanda utangarðsfólks. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að tilnefna fulltrúa af hálfu sambandsins.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri